



Samþykkt um kjör og fulltrúa í stjórnnum, ráðum og nefndum Strandabyggðar

I. kafli - Inngangur

1.gr. - Um starfskjör

Samþykkt þessi byggir á Samþykkt um stjórn og fundarsköp Strandabyggðar hverju sinni.

Samþykktin fjallar um þóknun fyrir störf sveitarstjórnarmanna og nær einnig til starfa þeirra fulltrúa sem skipaðir eru af sveitarstjórn í stjórnir, ráð og nefndir á vegum sveitarfélagsins.

2.gr. - Markmið

Markmið með ákvörðun um kjör fulltrúa er:

- Að fulltrúar fái sanngjörn laun fyrir störf sín í þágu sveitarfélagsins
- Að fulltrúar sveitarfélagsins njóti kjara sem eru sambærileg við það sem gerist á hinum almenna vinnumarkaði, sambærilegum sveitarfélögum og ríkinu.
- Að kjör fulltrúa séu gagnsæ og endurspegli störf þeirra og ábyrgð.

3.gr. - Skilgreiningar

Sveitarstjórnarfulltrúar eru fimm og kjörnir í almennum sveitarstjórnarkosningum.

Nefndum sveitarfélagsins er skipt niður í eftirfarandi flokka:

- A. Sveitarstjórn
- B. Fastanefndir
- C. Aðrar nefndir, stjórnir og ráð
- D. Sérskipaðar nefndir sveitarstjórnar og fundasetur sem falla ekki undir liði A-C.

Almenn skilgreining á fundi er sú að til hans sé boðað með dagskrá og um hann sé rituð fundargerð.

II. kafli - Um starfskjör sveitarstjórnarfulltrúa.

4.gr. - Grunnlaun sveitarstjórnarfulltrúa

Sveitarstjórnarfulltrúar þiggja föst laun fyrir störf sín fyrir sveitarfélagið sem nemur 6% af þingfararkaupi, eins og það er hverju sinni. Þessar greiðslur ná til vinnu vegna sveitarstjórnarmála almennt. Oddviti fær laun sem nemur 10% af þingfararkaupi.

5. gr. - Fundarseta

Fulltrúar í sveitarstjórn fá að auki greitt sérstaklega fyrir hvern setinn fund í sveitarstjórn sem nemur 3% af þingfararkaupi. Varamenn sem taka sæti aðalmanns í sveitarstjórn fá greitt sem nemur 3% af þingfararkaupi fyrir hvern setinn fund. Fyrir hvern fund í héraðsnefnd er greitt 3% af þingfararkaupi.



6. gr. - Starfsaðstaða sveitarstjórnarfulltrúa

Sveitarstjórnarfulltrúar fá sameiginlega skrifstofuaðstöðu á skrifstofu sveitarfélagsins með aðgangi að tölvu, síma og prentun. Skrifstofan annast skrifstofuþjónustu fyrir sveitarstjórnarfulltrúa svo sem gagnaöflun, símvörslu, ritvinnslu og undirbúning funda.

7. gr. - Laun í orlofi

Sveitarstjórnarfulltrúar skulu fá greidd laun á meðan á sumarleyfi sveitarstjórnar stendur.

8.gr. - Lífeyrisréttindi og tryggingar

Strandabyggð heldur eftir iðgjaldi í lífeyrissjóð af launum sveitarstjórnarfulltrúa skv. ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Greitt er iðgjald í lífeyrissjóð og er mótframlag sveitarfélagsins 11,5%.

Sveitarstjórnarfulltrúar eru tryggðir gegn slysum í starfi skv. heildar tryggingarsamningi sveitarfélagsins.

9. gr. - Laun í veikinda- og slysaförföllum

Sé sveitarstjórnarfulltrúi forfallaður frá störfum vegna slyss eða veikinda heldur hann launum í allt að 6 mánuði. Greiðslur skv. 1. mgr. falla niður við lok kjörtímabils eða þegar sveitarstjórnarfulltrúi lætur af störfum af öðrum ástæðum.

III. kafli - Þóknun fyrir nefndarstörf

10. gr. - Þóknun fyrir setu í fastanefndum, skv. 3.gr. C-lið.

Fyrir hvern setinn fund fá aðalmenn í fastanefndum greidda þóknun sem nemur 2% af þingfararkaupi og formenn nefnda 3%. Varamenn í fastanefndum fá greidda þóknun sem nemur 2% af þingfararkaupi fyrir hvern setinn fund.

Fastanefndir sveitarfélagsins eru eins og kveðið er á í Samþykkt um stjórn og fundarsköp Strandabyggðar sem í gildi er hverju sinni.

Starfsfólk sveitarfélagsins fær ekki greidda sérstaka þóknun fyrir setu á nefndarfundum nema viðkomandi sitji fundi sem kjörinn fulltrúi.

11. gr. - Þóknun vegna starfa í sérstökum nefndum er vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum og vegna sérstakra funda, sk. 3.gr D-liður

Fyrir störf í sérstökum nefndum sem sveitarfélagið skipar til tímabundinna starfa fá fulltrúar greitt sem nemur 1,5% af þingfararkaupi fyrir hvern fund, en formenn þeirra fá greitt 2%.

12. gr. - Þóknun vegna funda og ráðstefna utan sveitarfélags, sk. 3.gr D-liður

Þóknun til kjörinna fulltrúa sveitarfélagsins á ráðstefnum og fundum utan sveitarfélags, sem sveitarstjórn ákveður að taka þátt í skal vera sem hér segir:

Fyrir hvern hálfan dag (6 klst) að meðtöldum ferðatíma skal greiða 3% af þingfararkaupi. Ferðatími skal talinn með.



13. gr. - Þóknun fyrir setu í nefndum, ráðum og stjórnnum á vettvangi samstarfs sveitarfélaga, skv. 3.gr. D-liður.

Þóknun fyrir setu í nefndum og stjórnnum á vettvangi samstarfs sveitarfélaga er greidd af viðkomandi samtökum, nema um annað sé samið sérstaklega.

14. gr. - Laun kjörstjórnar

Fyrir setu í kjörstjórn er greitt skv. tímagjaldi fyrir unnar klukkustundir og skal miðað við kjarasamning Launanefndar sveitarfélaga, lfl. 125. Kjörstjórn fær greitt fyrir undirbúning, vinnu á kjördag og frágang að kosningum loknum.

IV. Kafli - Önnur ákvæði Strandabyggð

15. gr. - Álag vegna sérstakra frídaga og stórhátíðardaga

Leitast skal við að nefndir, ráð og stjórnir fundi ekki á frídögum og stórhátíðardögum. Í undantekningartilfellum getur komið fyrir að nefnd, ráð eða stjórn neyðist til að halda fund á sérstökum frídegi og skal þá greiðast álag skv. eftirfarandi:

- Sérstakir frídagar 33% álag á laun fyrir setinn fund
- Stórhátíðardagar 45% álag á laun fyrir setinn fund

16. gr. - Um námskeið og þekkingarsókn

Æskilegt er að kjörnir fulltrúar sækji sí- og endurmenntun er tengist störfum þeirra fyrir sveitarfélagið. Leita þarf samþykkis sveitarstjórnar vegna kostnaðar sveitarfélagsins sem hlýst af námskeiðssókn kjörinna fulltrúa, falli kostnaður utan fjárhagsáætlunar. Sækja skal um til sveitarstjórnar með góðum fyrirvara og samþykki liggja fyrir áður en til útgjaldanna er stofnað.

17. gr. - Um orlof

Orlof er ekki greitt á laun fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins.

18. gr. - Um ferðir og gistingu

Akstur vegna starfa í þágu sveitarfélagsins er einungis greiddur eftir akstursdagbók eða reikningi. Fulltrúar fá greiddan akstur utan Hólmavíkur til og frá fundarstað og miðast greiðslur per. ekinn km. við ákvörðun ríkisskattstjóra um aksturskostnað. Ætíð skal leitast við að ferðast á sem hagkvæmasta hátt, t.d. nýta ökutæki sveitarfélagsins eða samnýta ferðakosti ef mögulegt er. Greiða skal gisti- og fæðiskostnað með dagpeningum í þeim tilfellum sem sveitarfélagið sér fulltrúa ekki fyrir fæði og gistingu. Greitt er eftir ákvörðun ríkisskattstjóra um ferðakostnað á hverjum tíma.

Um ferðir erlendis gildir hið sama en fulltrúar skulu fá samþykki sveitarstjórnar fyrir öllum slíkum ferðum og útgjöldum fyrirfram.

19. gr. - Tilfallandi tímavinna

Í undantekningartilfellum getur komið til þess að fulltrúi sveitarfélagsins þurfi að takast á hendur aukin verkefni út yfir venjubundna vinnu í kringum fundi. Í þeim tilvikum skal gerð um það áætlun fyrirfram og hún borin undir sveitarstjórn.



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÖLDUR OG SKÍNANDI RÖÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

V. Kafli - Gildistaka

20. gr. - Gildistaka og endurskoðun

Samþykkt þessi gildir frá 15. júní 2010 ásamt breytingum samþykktum 14. janúar 2014. Samþykkt í sveitarstjórn Strandabyggðar 10. desember 2024 og falla þá úr gildi eldri reglur um kaup og kjör fulltrúa í stjórnnum ráðum og nefndum sveitarfélagsins.

Samþykktir þessar skal endurskoða af sveitarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.

Samþykkt á fundi 1371 í sveitarstjórn Strandabyggðar, 10. desember 2024